

D.H. o.fl. gegn Tékklandi

Dómur frá 7. febrúar 2006

Mál nr. 57325/00

14. gr. Bann við mismunun

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Barnaskólar. Mismunun vegna þjóðernisuppruna.

1. Málsatvik

Kærendur eru 18 tékkneskir ríkisborgarar af svokölluðum „roma“ uppruna, þ.e. sígaunar, fæddir á árunum 1985-1991 og búsettir í Tékklandi. Á árunum 1996-1999 voru þeir settir í sérskóla fyrir börn með námserfiðleika. Samkvæmt lögum er ákvörðun um að setja barn í skóla fyrir börn með sérþarfir tekin af yfirkennara á grundvelli niðurstaðna tveggja prófa sem mæla greind barnsins. Til þessa þarf samþykki forráðamanns. Fjórtán kærenda óskuðu eftir endurskoðun á ákvörðun um innritun þeirra í sérskóla og byggðu á því að umrædd próf hefðu verið óáreiðanleg og að foreldrar kærenda hefðu ekki verið upplýstir á fullnægjandi hátt um afleiðingar samþykkis þeirra. Við endurskoðun ákvörðunarinnar var talið að flutningur barnanna í sérskóla hefði verið í samræmi við reglur þar um.

Tólf kærenda kærðu ákvörðunina og byggðu á því að með flutningi í sérskóla væri verið að skapa almenna venju sem leiddi til aðskilnaðar og fordóma þar sem með því væri verið að búa til tvö aðskilin menntakerfi, þ.e. sérskóla fyrir fólk af „roma“ uppruna annars vegar og hins vegar almenna skóla fyrir meiri hluta almennings. Kærunni var hins vegar vísað frá 20. október 1999.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu sig hafa þurft að þola mismunun á rétti þeirra til menntunar vegna uppruna síns og að brotið hefði verið gegn 2. gr. 1. viðauka sáttmálans, bæði sjálfstætt og með vísan til 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn leit til þess að þónokkrar stofnanir, m.a. innan Evrópuráðsins, hefðu lýst yfir áhyggjum af því með hvaða hætti börn af „roma“ uppruna í Tékklandi væru sett í sérskóla. Hins vegar væri það ekki dómstólsins að meta hið þjóðfélagslega samhengi í heild, heldur að meta hvort ástæður fyrir því að kærendur voru settir í sérskóla hefðu byggst á sjónarmiðum tengdum þjóðernisuppruna eða kynþætti. Að mati dómstólsins var það almennt á valdi samningsríkja að setja upp og skipuleggja námskrá skóla, enda byggðist slíkt val á ólíkum forsendum eftir ríkjum. Með tilliti til svigrúms aðildarríkjanna til mats við starfrækslu menntakerfisins væri ekki hægt að banna ríkjum að koma börnum með námserfiðleika fyrir í sérstökum skólum. Vísað var til þess að hvorki kæmi fram að umræddir sérskólar hefðu verið settir á fót sérstaklega til þess að taka við börnum af „roma“ uppruna né að reglur um inntöku í þá vísuðu til barna af þeim uppruna. Það væri á færi sérfræðinga í menntunarsálfræði að meta hverju sinni hvort þörfum barns yrði best mætt með skólagöngu í sérskóla. Þá taldi dómstóllinn að af hálfu kærenda hefðu ekki verið dregnar í efa niðurstöður sérfræðinga um námserfiðleika þeirra. Einnig bæri að hafa í huga að foreldrar kærenda hefðu ekki gripið til aðgerða þrátt fyrir skriflega ákvörðun um að barn þeirra skyldi fara í sérskóla og þá hefði það verið svo í sumum tilvikum að foreldrarnir sjálfir hefðu óskað eftir því að börn þeirra yrðu færð í sérskóla eða héldu áfram skólagöngu þar. Enn fremur var sú staðreynd að sumir kærenda hefðu verið fluttir í almenna skóla talin sýna að börn ættu afturkvæmt í hið almenna skólakerfi.

Hvað varðaði þá málsástæðu kærenda að samþykki foreldra hefði ekki verið upplýst og í sumum tilvikum dagsett fyrir tíma þann sem það var gefið, taldi dómstóllinn að það hefði verið í samræmi við eðli ábyrgðar foreldra að þeir könnuðu hvaða menntunarráði væru fyrir hendi fyrir börn þeirra, gengju úr skugga um hvenær þeir hefðu gefið samþykki sitt fyrir því að börnum þeirra væri komið fyrir í sérskólum og, ef nauðsynlegt væri, að láta reyna á ákvörðun um flutning barna þeirra í sérskóla, ef samþykki þeirra hefði ekki legið fyrir.

Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir að tölfærðilegar upplýsingar og ástand menntunar barna af „roma“ uppruna í Tékklandi gæfu tilefni til áhyggna og menntakerfið í landinu væri á engan hátt gallalaust, yrði ekki séð að kærendum hefði verið mismunað. Var ekki talið brotið gegn 2. gr. 1. viðauka sáttmálans eða 14. gr. hans.

Einn dómari skilaði séráliti.

Málinu hefur verið vísað til yfirdeildar.